



## Nýju samstarfsverkefni um nýsköpun ýtt úr vör

Eva Björk Harðardóttir, formaður Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðgjafi, Kristín Linda Árnadóttir, aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar og Ragnheiður I. Þórarinsdóttir, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands.

Orkídeu, nýju samstarfsverkefni um nýsköpun á Suðurlandi, hefur verið ýtt úr vör með undirskrift fulltrúa allra þeirra sem að verkefninu standa, en það eru Landsvirkjun, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, Landbúnaðarháskóli Íslands og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðgjafi. „Aukin verðmætasköpun í íslenski matvælaframleiðslu með nýtingu á grænni orku er eitt af þeim stóru tækifærum sem blasa við okkur Íslendingum. Við sem matvælaþjóð, byggjum afkomu okkar öflugra samfélags að stórum hluta á því að nýta auðlindir okkar með sjálfbærum hætti bæði til sjós og lands, höfum alla burði til að vera í fararbroddi á þessu sviði á heimsvísu. Ábyrgð stjórnvalda er að skapa skilyrði og farveg til þess að svo megi verða. Því er stofnun Orkídeu frábært skref að því markmiði og ég bind vonir við að verkefnið yti enn frekar undir þá sókn sem

framundan er í íslenski matvælaframleiðslu,“ segir Kristján Þór Júlíusson, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðgjafi.

### Eitt meginmarkmiðið að auka verðmætasköpun í matvælaframleiðslu

Orkídea nýst um uppbyggingu orkutengdra tækifæra framtíðarinnar á Suðurlandi, til dæmis við matvælaframleiðslu og líftækni, sjálfbæra nýtingu auðlinda, sproutastarfsemi og að undirbúa svæði til að taka á móti orkutengdri nýsköpun. Eitt meginmarkmiðið samstarfsins er að auka verðmætasköpun í matvælaframleiðslu í landinu og gera framleiðsluna umhverfisvænni með nýtingu á grænni orku sem býr þannig til tækifæri fyrir íslenska matvælaframleiðendur til að vera samkeppnishæfir á alþjóðamarkaði. Ætlunin er að stuðla að aukinni nýsköpun og rannsóknum á sviði hátæknimatvælafram-

leiðslu með öflugum samstarfi við háskóla, rannsóknastofnanir og atvinnulíf og fjölga möguleikum svæðisins til að takast á við áskoranir samtímans og gera svæðið leiðandi þegar kemur að samspili orku, umhverfis og samfélags. Heiti samstarfsverkefnisins, Orkídea, vísar bæði til grænu orkunnar og til þeirrar hugmynda – ídea – sem spretta upp í frjóum farvegi. Auglýst verður eftir framkvæmdastjóra og rannsókn- og þróunarstjóra fljótlega, en starfsstöð Orkídeu verður á Suðurlandi.

### Samvinna og aukin verðmætasköpun með samstarfsverkefninu

Í samtali við Evu Björk Harðardóttur, formann SASS segir hún: „Tilurð samstarfsverkefnisins Orkídeu er rökrétt framhald af mörkun stefnu fyrir Suðurland í Sóknaráætlun Suðurlands 2020 – 2024 og orkustefnu fyrir lands-

hlutann. Í Sóknaráætluninni er m.a. tilgreint að á Suðurlandi sé öflugt atvinnulíf með aukinni nýsköpun, framleiðni og fjölbreyttum atvinnutækifærum. Heimamenn sjá landshlutann fyrir sér á árinu 2024 þannig að: Á Suðurlandi hefur aukin nýsköpun, framleiðni og fjölgun fyrirtækja leitt af sér öflugra atvinnulíf. Mannlíf og lífsgæði á Suðurlandi blómstra með aukinni velferð, lífandi menningu og stóráukinni samvinnu. Kolefnisspor Suðurlands hefur dregist saman með bættri umhverfisvitund og breyttu neyslumynstri. Suðurland hefur m.a. yfir að ráða miklum náttúruauðlindum, mannaúði og öflugri matvælaframleiðslu. Samstarfsverkefnið gerir okkur kleift að nýta þau sóknarfæri sem eru til staðar með öflugum samstarfsaðilum, Sunnlendingum og Íslendingum öllum til heilla.“

-gpp

## Orkuskipti á Kili



Verklökum fagnað. Mynd: Aðsend.

Í síðustu viku var verklökum fagnað vegna lagningar rafstrengs og ljósleiðara með Kjalvegi og að Kerlingarfjöllum. Strengurinn er 67 kílómetra langur og leysir af hólmi díselvélar sem rekstraráðilar í ferðaþjónustu á svæðinu hafa nýtt til þessa. Með tilkomu ljósleiðara eykst einnig öryggi þeirra sem um svæðið fara, enda verða fjarskipti mun betri.

Þrjú sveitarfélög lögðu umtalsvert fé til verkefnisins, það eru Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur og Húnavatnshreppur. Lagning strengsins kostaði um 285 milljónir, Bláskógabyggð lagði til 25 milljónir og Hrunamannahreppur og Húnavatnshreppur 7 milljónir hvort. Auk þess greiddi Bláskógabyggð mestan hluta kostnaðar við tengingu Árbúða og Gíslaskála, sem eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstraráðili, Gjásteyn ehf. greiddi hluta kostnaðar og annaðist breytingar á húsunum sjálfum til að ganga frá tengingum. Rekstraráðilar í Kerlingarfjöllum og á Hveravöllum tóku einnig þátt í kostnaði, auk Neyðarlínunnar, Rarik og Fjarskiptasjóðs, en ríkið lagði fram stærsta framlagið, 100 milljónir króna.

Er potturinn klár fyrir sumarið?

20 ára  
2000-2020

PÍPULAGNIR  
HELGA

Háheiði 10, Selfossi  
S. 699 1985 / 823 6656



Framúrskarandi þjónusta við Toyota eigendur á Suðurlandi.

Toyota Selfossi Fossnesi 14 Selfossi Sími: 480-8000 www.toyotasefossi.is



## Boggugarðar



- Trjá- og hekkklippingar
- Beðahreinsanir
- Garðaráðgjöf

**Sólborg Ósk Kragh**  
**GARÐYRKJUFRAEÐINGUR**

Sími 895 2766  
solborgosk@gmail.com

 Erum á Facebook



## Sendibílar á Suðurlandi

**Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu**  
**Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir**  
**Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.**



Tómas 820 3880 - [keyrsla@keyrsla.is](mailto:keyrsla@keyrsla.is) - [www.keyrsla.is](http://www.keyrsla.is) - [f /keyrsla.is](https://www.facebook.com/keyrsla.is)

# ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði

Gagnheiði 51, Selfossi - Sími 482 1361 - [gunni@icecool.is](mailto:gunni@icecool.is)

**Nú er tími til kominn að koma með ferðavagnana**



## Ferð í þjóðveldisbæinn Stöng fyrir eldri borgara í Árborg

Sveitarfélagið Árborg býður eldri borgurum sveitarfélagsins í ferð miðvikudaginn 5. ágúst nk. Ferðinni er heitið í þjóðveldisbæinn Stöng. Stoppað verður við Hjalparfoss og í Árnesi. Hafa þarf með sér nesti.

Skráning í ferðina fer fram í upplýsingamiðstöðinni sem staðsett er í Bókasafni Árborgar eða í síma 480 1952. **Það kostar ekkert í ferðina.** Lagt verður af stað frá Grænumörk 5 kl. 10, miðvikudaginn 5. ágúst.



**Sveitarfélagið ÁRBORG**

# Ég segi nei!

Vegakerfi landsins hefur verið vanrækt of lengi. Strax eftir hrúnið varð að skera niður á öllum sviðum og í samgöngum bæði til nýframkvæmda og viðhalds. Þá gat ríkið ekki tekið lán til framkvæmda enda vildi enginn lána okkur nema hugsanlega á okurvöxtum. Þegar skánandi árfærið var það svo pólitísk ákvörðun Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks að svelta vegakerfið áfram og þess vegna erum við í vondri stöðu í dag.

Það liggur á framkvæmdum og viðhaldi á vegum út um allt land og ég er sammála því að flýta nauðsynlegum framkvæmdum og setja einnig aukid fjármagn til almenningssamgangna.

Það getur hins vegar aldrei gengið að segja við fólk á ákveðnum svæðum eins og stjórnarflokkarnir segja við Sunnlendinga þessa dagana: „Ef þið viljið vegabætur og aukid umferðaröryggi þá verðið þið að opna veskið og greiða vegaskatta.“ Eða þetta sem stjórnarþingmenn hafa líka sagt: „Ef þið viljið ekki vegaskatta þá þarf að skera niður í heilbrigðiskerfinu fyrir samgöngubótum.“

### Brýr til bóta

Ég vil vegabætur og aukid umferðaröryggi og tel það vera nauðsynlegan hluta velferðarinnar og aðlaðandi búsetuskilyrða um allt land. Og fyrir þetta eigum við að greiða úr okkar sameiginlega sjóði, ríkissjóði, í stað þess að veiða krónurnar upp úr veski um íbúa á tilteknum svæðum, sem flestir eru á lágum launum eða hafa meðaltekjur. Við eigum að láta þá greiða sem geta en ekki fara að ráðum hægrimanna um

**Oddný G. Harðardóttir.**

*Þingmaður Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi.*



notendagjöld í stað tekjutengdra skatta. Innviðaskuldin við samfélagið frá bankahrúni hefur ekki verið greidd.

Besta leiðin til að bregðast við kreppu og vinna gegn atvinnuleysi er að ríkið fari í mannafls-frekar framkvæmdir sem nýfast almenningi að lokinni kreppu.

Brúargerð er mannaflsfrek framkvæmd. Tvær nýjar brýr á Suðurlandi eiga að fara í einkaframkvæmd samkvæmt vilja meirihluta Alþingis. Ölfusárbrú er brýnt verkefni, vegna þess að gamla brúin er að gefa sig og þolir varla mikið lengur mikla umferð og þungaflutninga. Auk þess mun ný staðsetning létt á umferð um miðbæ Selfoss. Hitt verkið er brú yfir Hornafjarðarfljót með vegafamkvæmdum sem stytir hringveginn. Gamla brúin er komin til ára sinna og nýja brúin nauðsynleg og samgöngubætur líka eins og heimamenn hafa lengi bent á og krafist úrbóta.

### Besta leiðin?

Einkaframkvæmdin er ekki hagkvæmari kostur en opinber framkvæmd því ríkissjóður fær mikið betri lánakjör en verktakar. Auk þess sýna greiningar í Evrópu og greiningar FÍB að vegafamkvæmdir á vegum einkaaðila eru um 30% kostnaðarsamari.

Í frumvarpinu sem samþykkt var á síðustu dögum þingsins í júní um heimild til samvinnu við einkaaðila og sérstaka gjaldtöku,

eru þrjár af sex vegafamkvæmdum á Suðurlandi en auk brúanna tveggja er heimild til gjaldtöku í jarðgöngum í gegnum Reynisfjall.

Fjármálaráðuneytið bendir á í minnisblaði til Alþingis að áður en lagt er upp í samvinnuverkefni við einkaaðila þurfi að liggja fyrir hvort og þá með hvaða hætti verkefnið hafi áhrif á afkomu og/eða skuldbindingar ríkisins. Liggja þurfi fyrir hvort þau hafi áhrif á fjármálastefnu, fjármála-áætlun og fjárlög ríkisins. Ljóst þurfi að vera hvort um sé að ræða skatta eða þjónustugjald og hvort flokka skuli gjaldtökuna sem ríkistekjur eða ekki.

Liggur þetta ljóst fyrir? Nei - svo er ekki.

Samanburður á hagkvæmni samvinnuleiðar og opinberrar framkvæmdar á vegum ríkisins verður að liggja til grundvallar ákvörðunum um samvinnuverkefni svo hægt sé að sýna fram á að hagkvæmasta leiðin fyrir skattgreiðendur hafi verið valin.

Hefur slíkur samanburður farið fram? Nei - svo er ekki.

Ef fara á í samvinnuverkefni ríkisins við einkaaðila þurfa að fást með því betri lausnir, meiri sérþekking og minni áhætta. Ekki er fýsilegt að fara samvinnuleiðina til að fá utanaðkomandi fjármögnun nema að ríkissjóður sé með hærri fjármögnunarkostnað en markaðsaðilar.

Eru einkaaðilar með meiri sérþekkingu, í aðstöðu til að lágmarka frekar áhættu og með lægri fjármögnunarkostnað en ríkið? Nei - svo er ekki.

Eigum við þá að vera að einkavæða sjálfsagðar vegabætur á Suðurlandi? Ég segi nei!

## Málverkasýning Jóns Inga vel sótt



Listamaðurinn Jón Ingi Sigurmundsson við nokkrar af myndum sínum. Mynd: GPP.

Listamaðurinn Jón Ingi Sigurmundsson hélt málverkasýningu á Stað á Eyrarbakka. Sýningin tókst vel að mati Jóns þegar blaðið leit við. Þá hafði talsvert selst af verkum enda eru þau hvert öðru fallegra. Samkvæmt Jóni hafði aðsóknin verið mjög góð og sérstaklega á opunardegnum. Yfirskrift sýningarinnar var: *Landslag, fólk og fuglar*, en það fangar myndefni

listamannsins vel. Síðasta sýningarhelgin var helgina 11. og 12. júlí sl. Jón Ingi Sigurmundsson er fæddur og uppalinn á Eyrarbakka. Að loknu kennaraprófi og tónmenntakennaraprófi 1954 starfaði hann sem kennari og skólastjórnandi á Selfossi auk þess sem hann kenndi á píanó við Tónlistarskóla Árnesinga og stjórnaði honum um skeið. Jón Ingi stjórnaði Kór Gagnfræða-

skólans á Selfossi og Kór Fjölbautaskóla Suðurlands í mörg ár. Fyrstu tilsögn sína í myndlist hlaut Jón Ingi hjá Jóhanni Briem en hefur sótt fjöldamörg námskeið hjá innlendum og erlendum myndlistarmönnum ma. hjá Ulrik Hoff í Kaupmannahöfn, Ron Ranson í Englandi og Keith Hornblower.

-gpp

# KEYRUM YFIR ÍSLAND

Við ferðumst með þér í sumar

Stöð 2, Stöð 2 Sport, Bylgjan, FM957 og X977 verða út um allt land í sumar og taka púlsinn á landanum.

EVA LAUFEY VERÐUR MEÐ **MATARBÍLINN** SINN ÚTI UM ALLAR TRISSUR, **VEGFERÐIN**, LEIKIN GAMANSERÍA MEÐ ÓLAFI DARRA VERÐUR Í UPPTÖKUM Á VESTURLANDI, **FC ÍSLAND** SKORAR Á LANDSBYGGÐINA, KRISTJÁN MÁR FER **UM LAND ALLT**, **BIBBA FLÝGUR** LANDSHORNA Á MILLI OG **STÖÐ 2 SPORT** VERÐUR AÐ SJÁLFSÖGÐU MEÐ ALLAR SÍNAR VÉLAR Á VELLINUM.

**BYLGJAN** ER Á SUMARFERÐALAGI OG HEIMSÆKIR ALLA LANDSHLUTA OG **FM957** SÉR TIL AÐ BRENNSLAN VERÐI Á FLAKKI Í ALLT SUMAR.



## HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ ÞIG





# Menningarssumar Bókakaffisins vel sótt

Menningarssumar Bókakaffisins á Selfossi var vel sótt. Þar lásu ýmsir höfundar úr verkum sínum. Þá var flutt draumkennend tónlist sem liðaðist um salinn. Það var Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir sem lék á selló og söng. Hún gerði sér lítið fyrir og tók nokkur ljóðræn dansspor sem

hún kenndi viðstöddum. Bjarni Harðarson, bóksali hafði á orði að þetta væri líklega í fyrsta sinn sem dansað væri á fjölonum í Menningarsal Suðurlands, sem staðsettur væri í Bókakaffinu. Rangæingarnir Brynjólfur Þorsteinsson og Harpa Rún Kristjánsdóttir lásu upp úr

væntanlegum ljóðabókum. Það var Steinunn Sigurðardóttir sem sló botninn í dagskrána og las upp úr verkum sínum. Allt fór svo í hring og skipt var um áheyrendur í sal þar sem fjöldatakmörkun var í gildi. Dagskráin var þá flutt aftur svo fleiri fengu að njóta. -gpp



## Kórlög Sigfúsar Ólafssonar komin út

Út er komin bókin Kórlög eftir Sigfús Ólafsson á Selfossi. Þar leiða saman hesta sína þeir Sigfús Ólafsson, Hjörtur Þórarinnsson og Ásgeir Sigurðsson. Löggin eru eftir Sigfús sjálfan en flesta textana semur Hjörtur Þórarinnsson. Þá eru útsetningar fyrir kór, blandaðan eða karlakór, í höndum Ásgeirs Sigurðssonar.

Sigfús var tónlistarkennari við Tónlistarskóla Árnesinga í ein þrjátíu ár ásamt því að leika í ýmsum hljómsveitum og gefa út kennslubækur fyrir hljómborð. Hjörtur er einn af stofnendum Tónlistarfélagis Árnesinga og rekstrarstjóri Tónlistarskóla



Árnesinga um árabíl. Eftir Hjörtur liggur talsvert af textum

sem hann hefur ort við fjölda sönglaga. Ásgeir er þaulvanur í útsetningum en hann hefur raddsett mikinn fjölda laga, bæði fyrir kóra og lúðrasveitir. Þá er Ásgeir einnig tónlistarkennari að mennt og kenndi við skólann frá 1957 og fram til 2007 og þá gengið í flest störf sem innan skólans má finna, en hann var meðal annars skólastjóri.

Bókin markar ný spor í tónlistarsöguna og kórar landsins hafa nú enn breiðara úrval af nýjum sönglögum sem þeir geta tekið á dagskrá sína með haustinu. -gpp



Matgæðingur vikunnar er **Ólöf Guðbjörg Eggertsdóttir**.

Kærar þakkir fyrir áskorunina mín kæra mágkona. Veit samt ekki hvort það hafi hreinlega lengst í næsta matarboð.

Ég hef mjög gaman af öllum mat og þá sérstaklega forréttum, sama hvort það er grafið lamb, hross, naut eða gæs. Skelli hér inn mjög einfaldri uppskrift að gröfnu hrossi, einfalt, fljótlegt og gott er alltaf mikill kostur í matargerð. Uppskrifin einkennist af *eftir smekk, dass og slatta* en það eru alltaf góðar og gildar mælieiningar.



### Grafið hross

Slatti af sojasósu og dass af wasapi blandað saman. Góður vöðvi af hrossi (helst lund) skorið í þunnar sneiðar og látið liggja í leginum í smá stund. Ef sneiðarnar eru mjög þunnar er nóg að láta liggja í nokkrar mínútur. Þá er bara að gæða sér á þessu lostæti.

### Gæsabringur með brúnostasósu

(stolin uppskrift frá svilkonu minni)

Gæsabringur hreinsaðar og kryddaðar með salti og pipar,

brúnaðar á pönnu upp úr miklu smjöri, stungið í ofn í ca. 7 mín. við 170°C eða þar til kjöt-hitamælir sýnir um 65-70°C.

### Sósan

Brúnostur (geitaostur) bræddur í rjóma eftir smekk. Salt og pipar eftir smekk. Borið fram með fersku íslensku grænmeti og íslenskum kartöflum (bestar kryddaðar og bakaðar í ofni).

Í eftirrétt er svo alltaf öruggt að skella sér í Valdís og kaupa ljúffengan ís, því ís gerir alla daga betri.

Ég skora á svilkonu mína Huldu Dóru Eysteinsdóttur að vera næsti matgæðingur. Stal þessari brúnostasósuppskrift frá henni en ég veit að hún lumar á mörgum öðrum góðum uppskriftum.

Matgæðingar eru beðnir að senda á [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is) uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

## Áttu eftir að gifta þig? Nú er lag!



15 ágúst nk. verður kjörinn til þess að hendast í hjónaband, sé fólk ekki þá búð að því. Á *Blómstrandi dögum* í Hveragerði, þegar bærinn skartar sínu fegursta, mun Ninna Sif Svavarsdóttir bjóða upp á einfaldar og stuttar hjónavígslur í Hveragerðiskirkju. „Þetta er dásamlegur rammur utan um hjónavígslu, en það er alltaf

gott veður þessa helgi. Svó má alltaf halda gott party síðar þegar vel stendur á,“ segir í tilkynningunni á Facebook. Það er því ekkert annað að gera en að hafa samband við Ninnu Sif og bóka sig í giftingu og ljúka því af í snarhasti í blómabænum Hveragerði. Allar nánari upplýsingar er að finna hjá Ninnu Sif í netfanginu [ninna.sif.svavarsdottir@kirkjan.is](mailto:ninna.sif.svavarsdottir@kirkjan.is). -gpp

**DAGSKRÁIN**  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyravegji 25, 800 Selfoss, sími 462 1944, [dagskrain@prentmet.is](mailto:dagskrain@prentmet.is).  
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, [gpp@prentmetoddi.is](mailto:gpp@prentmetoddi.is).  
Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, [sk@prentmetoddi.is](mailto:sk@prentmetoddi.is)

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyravegji 25, Selfoss, fyrir hádegi á mánudögum. Upplag: 8700 eintök. Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X  
Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vísingatur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókauktgáfan SKRUDDA

## Gáta vikunnar

Þeir koma til mín, sem fyrir vopnum falla.  
Afgurð og litaskrauti er ég rík.  
Ég er sjaldan opin fyrir alla.  
Ég er í Laugardal í Reykjavík.

Svar við gátu í blaði 2555: **BRAUT.**  
1. lína: **Vetrarbraut** - 2. lína: **Soigbraut**  
3. lína: **Þjóðbraut** - 4. lína: **Göngubraut**





ÍSLENSKA  
ÁNÆGJUÖGIN

# Ánægðari viðskiptavinir

Útibú Selfossi 440 2470 | sudurland@sjova.is

Við tryggjum hjá Sjóvá

*Guðnir G. Baldvínsson    Gunnlaugur Bönn*

**SJÓVÁ**



## Viðskiptavinir athugið!

Vegna sumarleyfa verður heimilistækjaverkstæði okkar lokað 17. júlí - 31. ágúst.



www.arvirinn.is - Eyravegi 32, Selfossi - Sími 480 1160

**Pylsuvagninn á Selfossi óskar eftir starfsfólki fyrir næsta vetur.** Vinnutíminn er frá kl. 9-16 eða 11-15 virka daga.

Ef þig langar að vinna í þægilegum og hressum félagsskap, þá endilega hringdu í mig. Þórdís 899 3533.



## Kerhólsskóli óskar eftir að ráða stuðningsfulltrúa / leiðbeinanda í frístund.



Kerhólsskóli er sameinaður leik- og grunnskóli með um 80 nemendum á aldrinum 1 árs upp í 10. bekk. Skólinn er Grænfánaskóli og leggur áherslu á fagleg vinnubrögð, einstaklingsmiðað nám, umhverfismennt og útikennslu, list- og verkgreinar. Vakín er athygli á stefnu Grímsnes- og Grafningshrepps um jafnan hlut kynja í störfum hjá sveitarfélaginu. **Allir starfsmenn skólans sem eru í 100% vinnu fá tvær hreyfistundir á viku í vinnutíma.**

Um er að ræða **100% stöðu** sem skiptist í að vera stuðningsfulltrúi ca. **60 - 70%** og leiðbeinandi í frístund ca. **30%-40%**.

- Stuðningsfulltrúi starfar í nánú samstarfi við umsjónarkennara og sérkennara
- Leiðbeinandi í frístund vinnur eftir leiðsögn yfirmanns frístundar

### Vænst er af umsækjendum:

- Góðrar færni í samskiptum
- Frumkvæði í starfi, faglegs metnaðar og ábyrgðar
- Sjálfstæði og skipulagðra vinnubragða
- Sveigjanleika og góðrar færni í samskiptum
- Góðrar íslenskukunnátta
- Framtakssemi og jákvæðni
- Vilja til að gera góðan skóla betri

Umsækjendur þurfa að sýna fram á hreint sakavottorð

Umsóknarfrestur er til 31. júlí 2020

Nánari upplýsingar gefur Jóna Björg Jónsdóttir skólastjóri í síma 480 5520, 863 0463 eða Íris Anna Steinarrsdóttir í síma 695 7110. Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðilum berist til skólastjóra jonabjorg@kerholsskoli.is.

# Alltaf þess virði að geyma síðasta kaflann til næsta dags

## segir lestrarhesturinn Sigrún Árnadóttir



Sigrún Árnadóttir

### Hvaða bók ertu að lesa núna?

Var að klára *Sauðfjárvarpið* eftir gamlan og kærán vin Hákon Jens Behrens, var að lesa hana örugglega í þriðja skiptið vegna þess að mér finnst ég finna eitthvað nýtt í henni í hvert sinn auk þess að vera skemmtileg og myndin. Ég er nýbúin með *Húshjálpinu* eftir Kathryn Stockett, las hana vegna þess að hún kom upp úr kassa við tiltekt ásamt bókinni *11 mínútur* eftir Paulo Coelho. Er hálfnuð með hana og skil ekki af hverju ég hef ekki lesið hana áður. Frábær saga með yndislegri sýn á mannlega eiginleika.

### Hvers konar bækur höfðu helst til þín?

Ég er alæta á bækur, elska ef þær koma á óvart en finnst stundum gott að lesa eitthvað fyrirsjáanlegt. Ég get auðveldlega grátið yfir sorglegum endi eða hlegið með söguhetjum vegna vandræðalegra aðstæðna. *Karítas án titils* og *Óreiða á striga* eftir Kristínu Mörju Baldursdóttur eru mér sérstaklega hugleiknar vegna þess að ég bæði grét og hló við lestur þeirra og ég reyni að lesa þær reglulega. *Musteri óttans* eftir Guðmund Daníelsson sat líka lengi í mér og kom verulega á óvart við lestur.

### Áttu þér uppáhalds barnabók?

Langar að segja *Bróðir minn Ljónshjarta* en held að sú bók hafi í raun ekki hreyft jafnmikið við mér og til dæmis *Dísa ljósálfur* eða *Bláskjár*. Það var mikið lesið fyrir mig í æsku en ég byrjaði líka mjög snemma að stauta mig fram úr textum sjálf og var orðin fluglæs frekar ung að árum. Ég vakti sundum heilu næturnar og las og oft og tíðum þurfti að biðja mig um að leggja bókina frá mér við matarborðið, ekki ólíkt því sem gerist með snjalltækin í dag.

### Hvernig myndirðu lýsa lestrarvenjum þínum?

Ég er afskaplega duglega að lesa á sumrin og get gleymt mér heilu dagana við lestur. Elska að fara í útilegur og liggja fyrir utan tjald eða inni með einhverja yndisleg bók og auðvitað með gott rauðvín og osta á kantinum. Á veturna þarf ég að halda mér við efnid og byrjaði því með Storytel síðasta vetur. Það gekk nú ekkert sérstaklega vel því ég gat illa haldið mér við efnid og var fljótlega komin með fimm

til átta bækur á listann og ekki hálfnuð með eina einustu. Bæti úr því næsta vetur.

### Einhverjir uppáhalds rithöfundar?

Kristín Marja Baldursdóttir og Ólafur Jóhann Ólafsson ná alltaf að hrífa mig með sér og ég á erfitt með að leggja frá mér bækur þeirra. Jenny Colgan semur bækur sem láta manni alltaf líða vel og það er svo ljúft að lesa um ástir og örlög í bókunum hennar um *Litla bakaríið við Strandgötu* eða bókabúðina í hálöndunum. Einnig er Paulo Coelho með magnaða frásagnargáfu og ég elska það sem ég hef lesið eftir hann. Annars er auðvitað mjög gaman að bókum Yrsu og Arnaldar en þau hafa ekki haldið fyrir mér vöku á sama hátt og hin.

### Hefur bók rænt þig svefni?

Já, margoft. En ég er smátt og smátt að læra að njóta þess að lesa og geymi jafnvel síðasta kaflann til næsta dags. Það getur verið erfitt en er eiginlega alltaf þess virði.



### Hvernig bækur myndir þú skrifa ef þú værir rithöfundur?

Ég myndi skrifa smásögur um það að alast upp á Íslandi. Um lífið og tilveruna – allt og ekkert. Myndi jafnvel semja örsögur og ljóð. Eða, ef tími er til, henda í eina góða skáldsögu með sögulegu ívafi. Já ég held að það sé málið að skrifa skáldsögu byggða á sönnum atburðum. Það er örugglega málið.

Lestarhestur númer 96. Umsjón Jón Özur Snorrason.

# Séra Önundur grillaði fyrir vinnuskólann í Rangárþingi eystra

Ánnan dag júlímánaðar dró Séra Önundur fram grillið og bauð ungmennum í vinnuskóla Rangárþings eystra í grillveislu á Breiðabólstað hjá séra Önundi S. Björnssyni og Kristjönu Þráinsdóttur sambýliskonu hans. Ungmennin voru búin að hreinsa og snyrta svæðið í kringum kirkjuna í blíðunni í gær og í dag. Séra Önundur er að láta af störfum en hann hefur verið prestur á Breiðabólstað í 22 ár. Hann mun ferma í lok sumars þau börn sem áttu að fermast síðastliðið vor.

Í vinnuskólanum eru rúmlega 40 ungmenni og hafa þau verið

dugleg við að fegra sveitarfélagið síðan í byrjun júní. Flest þeirra starfa út júlí. Á myndinni


er hópurinn ásamt séra Önundi og Kristjönu við Breiðabólstaða kirkju.





Sumarhátíð  
Hótel Selfoss  
16. - 18. júlí

Eyþór Ingi  
16. júlí  
20:30



## Suðurlands djazz

Guðlaug Dröfn — 17. júlí klukkan 16:00

Unnur Birna — 18. júlí klukkan 15:00





Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**EMMA KOLBEINSDÓTTIR**  
Eyvík í Grímsnesi,



lést á hjúkrunarheimilinu Ljósheimum á Selfossi 3. júlí. Hún verður jarðsöngin frá Skálholtskirkju föstudaginn 17. júlí klukkan 14.

**Sigrún Reynisdóttir, Þórarinn Magnússon, Kolbeinn Reynisson, Guðrún Bergmann, Guðmundur Kristinn Pétursson, Sólveig Wium, Reynir Viðar Pétursson, Duan Buakrathok, Lilja Nótt Þórarinsdóttir, Ólafur Gauti Guðmundsson, Magnús Þórarinsson, Hallgerður Lind Kristjánsdóttir, Steinunn Erla Kolbeinsdóttir, Einar Þorgeirsson, Smári Bergmann Kolbeinsson, Íris Gunnarsdóttir, Bjarki Kolbeinsson, Karen Daðadóttir, og barnabarnabörn**

**TÍÐARANDI** 13.06 | 06.09 | 2020  
**ZEITGEIST**

Samtímaverk úr einkasafni Skúla Gunnlaugssonar



**Vigdís Rún Jónsdóttir**  
verður með sýningarstjóraspjall  
sunnudaginn 19. júlí kl. 14



Allir velkomnir!



Í safnbúðinni er mikið úrval að finna - kíktu við!



Gjafavara, bækur, postulín, kort, plaköt og fleira!



**SUMARTILBOÐ**

Kaffi og kaka með rjóma **kr. 850-**



Listasafn Árneseinga | Austurmörk 21  
Sími 483 1727 | 810 Hveragerði  
www.listasafnarneseinga.is

**Golla**

Opnar peysur er oft kallaðar golfpeysur eða gollar og hér er sérlega auðveld uppskrift að einni slíkrí. Hún er þrjónuð með garðaprjóni (slétt þrjón fram og til baka) ofan frá og niður, fyrst berustykkið en þar er aukið út í löskum á fjórum stöðum. Síðan eru ermarnar þrjónaðar og svo bolurinn. Kanturinn að framan er heklaður í lokin.

Þrjónað er með tveimur ólíkum garntegundum saman. Hægur vandi er að hafa hana einlita en hér var ákveðið að leika sér aðeins með mismunandi liti í annarri garntegundinni og breiddin á röndunum látin ráðast af því hvað hver garndokka entist lengi. Peysan er í stærð XS.

**Stærðir:** XS (S) M (L) XL

**Garn áætlað:** Anisia mohairgarn frá Cewec, 3 (4) 4 (5) 6 dokkur, Esther, blanda af bómull og ull, frá Permin, 4 (5) 6 (6) 7 í einum lit eða fleiri.

Langir hringþrjónar no 4,5 og 6. Sokkaprjónar eða Trio no 4,5. Heklu nál no 4,5

**Þrjónafesta** 17 l = 10 sm.

Næstur til að geyma lykkjur. Þrjónamerki. Tölur, en við eigum mikið úrval af þeim.

Fylgið upplýsingum um lykkjufjölda á hverju stigi í meðfylgjandi töflu. Hafði í huga að síddir á ermum og bol getur þurft að aðlaga vaxtarlagi og smekk og einnig að garðaprjón á það til að teygjast og því óhætt að teygja aðeins á því.

**Stroff**

Athugið að fyrsta lykkjan er alltaf tekin framaf þrjóninum óþrjónuð (Ó)

Fyrsta umf: Ó, 2 br og 2 sl til skiptis, enda á 2 br, 1 sl  
Setjið þrjónamerki í lok umferðarinnar til að vita að umferðir sem byrja þar eru á réttunni.

Önnur umf: Ó, 2 sl og 2 br til skiptis, enda á 3 sl.

Þrj þannig til skiptis (endið við þrjónamerkið).

Skiptið yfir á þrj no 6 og þrj eina umf sl og setjið þrjónamerki jafnöldum eftir skiptingum í þrjónahluta. Þrjónið til baka og byrjið síðan á að auka út í löskum.

**Laskar**

Þegar ein lykkja er að þrjónamerki er þrjónuð sl l undir bandið milli lykkjana í næstu umf á undan, síðan 2 sl (þrjónamerkið lendir á milli þeirra) og síðan er aftur þrjónað undir bandið milli lykkjana í næstu umf á undan. Endurtekið við öll þrjónamerkin. Þrjónið til baka sl.

Endurtekið þessa aðferð eins oft og segir í töflunni. Slítið frá.

**Ermar**

Setjið lykkjurnar sem tilheyrja vinstri boðungi á hjálparþrjón.

Fitjið upp 4 (4) 5 (5) 6 l og þrjónið ermalykkjurnar og fitjið aftur upp eins. Þrjónið til baka og setjið þrjónamerki á kantinn í lokin til að vita hvar umferð á réttu byrjar. Þrjónið garðaprjón áfram að stroffi. (Í þessari peysu var þrjónaður 21 garður með lit 2 og eins með lit 3). Skiptið yfir á þrj no 4,5 og þrj (með þeim lit sem þið viljið hafa í stroffinu) eina umf þar sem fækkað er um 1 skv töflu. Fellið laust af.

Setjið lykkjurnar fyrir bakið, og hægri boðungi, á hjálparnælur og þrjónið hina ermuna eins.

**Bolur**

Byrjið að þrjóna þar sem slitið var frá eftir berustykkið, á vinstri boðungi. Þegar kemur að handvegnum eru fitjaðar upp 1 skv töflu. Þrjónið áfram þar til sídd peysunnar er orðin hæfileg eða eftir smekk. Í þessari peysu var þrjónað úr lit 2 og 3 þar til þeir kláruðust, 14 garðar í hvorum lit.

Skiptið yfir á þrjón 4,5 og einnig um lit ef vill og þrjónið eina umf sl og síðan stroff skv töflu (endið á vinstri



boðungi). Fellið laust af en ekki slíta frá heldur notið lykkjuna til að byrja að hekla framán á hægri boðung.

**Kantar**

Hægri boðungur: Heklið fl milli garðanna og síðan til baka 1 fl í hverja fl. Á þessari peysu eru 63 fl í umferðinni og í næstu umf eru gerð 6 hnappagöt með jöfnu millibili þannig: 3 fl, 2 ll og næsta fl í 3ju fl, \* 9 fl, 2 ll og næsta fl í 3ju fl \*. Endurtekið \*-\*. Endið á 2 fl. Í næstu umf eru heklaðar 2 fl í hnappagötin og síðan er ein umferð af fl í viðbót. Slítið frá.

Best er að telja fastalykkjurnar og ákveða hvað eiga að vera margir hnappar. Gera ráð fyrir 3 fl að neðan og ofan og reikna síðan út hvað eiga að vera margar á milli hnappagötanna.

Vinstri boðungur: Byrjið við hálsnál og heklið eins nema ekki með hnappagötum.

**Frágangur**

Saumið ermar saman og lokið handvegi. Gangið frá endum. Saumið tölur á. Þvoðið peysuna í volgu sápuvatni eða í þvottavél á ullarstillingu og leggið til þerris.

**Hönnun og uppskrift:** Alda Sigurðardóttir.

Stærðir	XS	S	M	L	XL
Vidd í sm	92	97	102	107	113
Ermalengd frá handvegi	40	42	44	46	48
Sídd á bol frá handvegi	29	32	35	38	41
<b>Berustykki</b>					
Fitja upp á þrj 4,5	76	76	80	84	84
Stroff umferðir	8	8	10	10	10
Skipta með þrjónamerkjum					
Boðungar lykkjur	14	14	14	15	15
Ermar lykkjur	10	10	11	12	12
Bak lykkjur	28	28	30	30	30
Laskar endurteknir	21	23	24	25	27
Þá eru á þrjóninum	244	260	272	284	300
Lykkjur í hverjum hluta					
Boðungar lykkjur	35	37	38	40	42
Ermar lykkjur	52	56	59	62	66
Bak lykkjur	70	74	78	80	84
<b>Ermar</b>					
Fitja upp (helling hv megin)	8	8	10	10	12
Lykkjuföldi í ermi	60	64	69	72	78
Þrjóna þar til ermi mælist	33	34	35	37	38
Fækkið jafnt um	28	28	33	32	38
Lykkjuföldi í stroffi	32	36	36	40	40
Stroff í sm	7	8	9	9	10
<b>Bolur</b>					
Boðungar + bak	140	148	154	160	168
Fitja upp í handvegum	8	8	10	10	12
Samtals lykkjur á bol	156	164	174	180	192
Þrjóna þar til bolur mælist	23	25	28	30	33
Stroff í sm	6	7	7	8	8



**Hannyrðabúðin**

Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314





## Amma og afi eru ekki lengur með gervitennur

Sú var tíðin að „amma og afi“ voru almennt með hefðbundnar gervitennur. Í dag eru æ fleiri þeirra sem eru komnir af létta skeiðinu með sínar eigin tennur, annað hvort að hluta til eða í heild. Það er gæfuspor að tannheilsu þjóðarinnar fer batnandi, fleiri halda eigin tönnum í gegnum lífið. En vandamálin sem því fylgja geta verið margslungin.

Samhliða hækkandi aldri glímur fólk oft við heilsuþresti, sjúkdóma og ýmis tengd vandamál. Munnþurrkur er algengt vandamál, honum fylgir aukin tannskemmda-hætta. Og þó svo einstaklingurinn sé almennt heilsuhraustur skerðist oft færni til daglegra athafna með aldrinum. Þ.m.t. getan til að hreinsa tennurnar.

### Á hjúkrunarheimili

Staðan er einna verst hjá einsetufólki og þeim sem dveljast langdvölum á hjúkrunarheimilum. Hér áður fyrr var yfirleitt látið nægja að starfsfólk stofnana skrúbbaði gervitennurnar undir vatnskrananum. Tennurnar sváfu værum blundi í glasi á náttborðinu og eina ógnin sem stafaði að þeim var að rugla saman reyfum við næsta náttborð. Hjá tenntum einstaklingi er vitanlega ekki hægt að fjarlægja tennurnar tímabundið úr munnum til hreinsunar. Það þarf að gerast í munni. Það er ekki öfundsvert hlutverk fyrir starfsfólkið að sjá um þrif á tönnum annarra. Það er tilfinning mín (o.fl. tannlækna) að starfsfólk hafi almennt litla þjálfun í umhirðu tanna skjólstæðinga sinna. Sumir vita hreinlega ekki hvernig einstaklingarnir sem þeir annast eru tenntir. Er fólk með eigin tennur

eða heilgóma (alveg tannlaust), með tannplanta eða úrtakanlega parta? Umhirðan er mjög ólík eftir aðstæðunum. Ég lá starfsfólkinu þó ekki, þessi mál hafa ekki fengið nægilega athygli til þessa.

### Almennt heilsufar viðkomandi

Ástand þess sem dvelst á stofnuninni skiptir miklu máli. Ef einstaklingurinn glímur t.d. við heilabilun (t.a.m. alzheimer) þá er óvíst að viðkomandi sé samstarfsfús með að láta „ókunnugan“ burstu tennurnar a.m.k. tvisvar á dag. Einna verst staddir eru þeir sem eiga erfitt með að tjá sig (t.d. eftir heilablóðfall). Getur verið að hann „Jón gamli“, sem er alltaf svo órólegur að það þarf að gefa honum tvær svefntöflur/róandi í stað einnar, sé hreinlega bara með tannþínu sem hann getur ekki sagt frá?

### Tannheilsa viðkomandi

Heilbrigðar, ósnertar tennur standa mun betur af sér storminn sem getur geisad á elliárunum heldur en mikið viðgerðar tennur. Viðgerðum tönnum er mun hættara við endurskemmdum, brotum og sýkingum. Hvernig er ástandið á tönnum hjá elstu kynslóðunum okkar í dag? Oftar en ekki eru margar tennur mikið viðgerðar. Og útlitið er ekki mikið bjartara hjá næstu kynslóð í röðinni. Þetta eru hópar með tennur sem þurfa reglulegt viðhald og fyrirmyndar umhirðu ef ekki á að fara illa. Sumt fólk leggst inn á stofnanir með mörg, uppsöfnuð vandamál til staðar. Vandamálin aukast síðan til muna inni á stofnuninni.

### Að komast til tannlæknis

Það getur verið mikið mál að koma þessu fólk til tannlæknis. Þeir verst stöddu fara hrein-

lega ekki. Ekki nema þeir séu svo lánsamir að eiga aðstandendur sem hafa vit fyrir þeim. Og hvernig gengur svo þegar komið er inn á tannlæknastofuna? Fær tannlæknirinn við einhverju ráðið? Stundum er því fleygt fram hvort ekki sé ráð að fjarlægja bara allar eftirstandandi tennur (jafnvel undir svæfingu) og fá hefðbundna heilgóma/gervitennur fyrir þessa einstaklinga. Jú, það myndi í einhverjum tilfellum leysa tannvandamálin að fjarlægja eftirstandandi tennur. En margir þyrftu einfaldlega að stoppa þar. Það þarf mikla samvinnu til að smíða gervitennur. Og það þarf mikla aðlögunargetu til þess að læra að nota gervitennur. Hjá þessum hópi er slík hæfni oft ekki lengur til staðar og viðkomandi endar „á felgunni“, alveg tannlaus.

### Tillögur að úrbótum

- Reyna að halda tönnum heilum og ósnertum. Sinna viðgerðum áður en vandamálin stækka. Reglulegt eftirlit hjá tannlækni eftir því sem aðstæður leyfa.
- Stórminka sykurneyslu, en sætindi og djúsar tíðkast víða á stofnunum.
- Fyrirmyndar munnhirða. Rafmagnsbursti getur hjálpað. Tannþráður og milli tannaburstar líka mikilvægir.
- Háskammta flúortannkrem.
- „Nullstilla“ fólk sem er lagt inn á stofnanir, leysa vandamál sem eru til staðar við innlagningu.
- Starfsfólk stofnana þarf markvissari kennslu í umhirðu tanna og tanngerva. Skipa stöðu „tannliða“ (sbr. sjúkraliða) eða tannfræðings, aðila sem annast munnhirðu á stofnunum.
- Gerum fólk kleift að eldast með reisu.

Sverrir Örn Hlöðversson  
tannlæknir

Tannverndarhornið

## Nýr gönguleiðabæklingur fyrir Kerlingarfjöll

Umhverfisstofnun hefur gefið út gönguleiðabækling fyrir Kerlingarfjöll. Í bæklingnum er að finna átta gönguleiðir um þessa miklu náttúruperlu á miðhálandinu með ítarlegum leiðarlýsingum, korti og hæðarsniði (hæðarprófil). Gönguleiðirnar eru flokkaðar í þrjú erfiðleikastig svo allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi – hvort sem það er léttur hringur um hina stórbrotnu Hveradalí eða fjallganga upp í tæplega 1500 metra hæð þaðan sem sést til sjávar í bæði norðri og suðri. Bæklingurinn er til á bæði ís-

lensku og ensku og fæst í þjónustumiðstöðinni í Kerlingarfjöllum og kostar 500 krónur.



Bæklingurinn var unninn í samstarfi við Kerlingarfjallavini og Alta sá um kortagerð og umbrot.

**Vantar í vinnu** mann vanan pípulögnum og smíðavinnu - mikil vinna og góð verkefnastaða.

Allar upplýsingar veita  
Heimir í síma 892 3742 og  
Gestur í síma 899 5443 eða á  
tresmidjan@tresmidjan.is



## Föstudagslögin

með Stebba Jak og Andra Ivars

Hótel Vatnsholti  
föstudaginn 17. júlí 2020 kl. 20:30  
Miðarverð 3.500 kr.

Frábær verð í boði þessa helgi

- Happy hour á barnum frá kl 16-20:30
- Gisting og matur á frábæru tónleikaverði

Tryggið ykkur miða á tix.is eða á staðnum.  
Allar upplýsingar á info@hotelvatnsholt.is  
eða í síma 899 7748

Erum einnig á Facebook og instagram  
hotelvatnsholt.is

Paradísin í sveitasælunni



# RISA

# PRENTUN

A0 • A1 • A2 • LJÓSMYNDIR  
VINNUTEIKNINGAR • PLAKÖT  
RÚLLUSTANDAR



SÍMI 482 1944  
SELFSS@PRENTMET.IS  
EYRAVEGUR 25, SELFSS





## Og hvað gerir fólk þá á fimm tíma akstri austur yfir Helligheiði?

Myndin er fengin af Facebook-síðu Selfossrúttunnar X 876. Hún tengist þó sögunni ekki beint.

**B**öðvar Guðmundsson rithöfundur hefur sent frá sér nýtt safn smásagna, *Fyrir daga farsímans*. Líkt og í *Sögum af Síðunni* opnar skáldið hér á glugga inn í gamlan heim. Að þessu sinni er það heimur þar sem líf og reynsla karlmanna er í fyrirrúmi, langanir þeirra, hugsanir og þrjár sem þeir hafa ef til vill aldrei látið í ljós. Við grípum niður í bókarkafli í bók Böðvars sem er dálítið í takti við sumarið sem nú umlykur allt.

### Millirödd

Þegar heimskreppan mikla náði til Íslands voru áætlunarferðir enn á æskuskeiði. Bílar sem gátu tekið allt að 10 farþegum voru sjaldséðir og ósléttir malarvegir landsins hentuðu þeim illa. En framfarahugurinn, sem aldrei lætur að sér hæða, fjárfesti nú engu að síður í stórum bílum og setti á fót skipulegar ferðir austur yfir Helligheiði og niður Kambana, sem urðu brátt alræmdasti slysaastaður veganna, og alla leið austur á Selfoss, en þaðan fengu íbúar höfuðborgarinnar skýr og smjör og osta. Kambarinn voru lengi vel svo skelfilegir að margir farþegar völdu að stíga út úr áætlunarbílum og fara gangandi niður að Hveragerði. Og margar voru þær bænir sem beðnar voru í Kömbum eins og sjá má í ljóði nóbelskaldsins um veginn austur: „Guð gefi bílum góðan dag í Kömbum.“

Þegar áætlunarferðir hófust vissi enginn hvað ætti að kalla þessa risastóru bíla sem gátu innbyrt heilan hóp af fólki. Á dönsku, sem þá var enn sunnudagstungumál margra göðborgara á Íslandi, voru svona bílar kallaðir „rutebiler“ og því þótti upplagt að kalla þá „rútubíla“ á íslensku. Málhreinsunnarmönnum líkaði það illa og fundu upp nafnið „áætlunarbifreið“. Það þótti stírt í munni og rútubíllinn hélt

áfram að aka upp og niður Kamba. En fólk er alltaf að leita að nýjum leiðum til að koma fljótt frá sér hugsunum sínum og því styttesti rútubíllinn í „rútu“ sem á frönsku og dönsku merkir „leið“. Um þessa skemmtilegu þróun orðsins hafa lærðir menn skrifað langar ritgerðir. Enn í dag heita bílar sem á flestum öðrum tungumálum heita „bus“ – ýmist með einu s-i eða heilt mér í hönd „rúta“ og „strætó“ á íslensku.

Fyrstu rútufurðirnar voru frá Reykjavík austur í Flóa og öfugt, seinna komu svo lengri rútufurðir, upp í Borgarfjörð og út á Snæfellsnes. Á síldarárunum voru rútufurðir frá Reykjavík til Siglufjarðar, Ísafjarðar og loks til Akureyrar, og framfarasinnaðir Akureyringar fóru að aka í rútum austur yfir Vaðlaheiði alla leið til Húsavíkur.

Það var mikið ævintýri að aka í rútu. Í fyrsta lagi er alltaf gaman að aka í bíl og fáir sem það gerðu á þessum árum. Ég var sex ára þegar ég fyrst settist upp í mjólkurbíllinn og man því vel þennan kitlandi æsing sem greip mig þar sem ég sat og hélt mér í hönd móður minnar þegar bíllinn ók af stað. Nú man enginn sína fyrstu bílferð.


En svo gaman sem það var að fá far með rúttunni þá tók það sinn tíma að skrölta eftir mjóum malarvegum sem lágu í ótal hlykkjum upp og niður sneiðinga. Á fyrstu dögum rútufurða tók hálfan dag að komast austur á Selfoss, heilan dag að komast upp að Svignaskarði í Borgarfirði og tvo daga að aka norður á Akureyri og var gíst í Fornahvammí efst í Norðurárdal. Þá var byrjað að setja útvarpstæki í bíla. Yfirleitt heyrðist ekkert í þessum útvarpstækjum nema urg og suð eftir að ekið var af stað og væri eitthvað spennandi í útvarpinu var eina ráðið að aka upp á hólkoll og stansa þar og hlusta. Þetta máttu rútubílstjórnarnir

ekki gera og því höfðu hvorki þeir né farþegarnir mikla ánægju af útvarpstækjunni sem var í bílunum.

Og hvað gerir fólk þá á fimm tíma akstri austur yfir Helligheiði eða sex tíma ferð fyrir Hvalfjörð þar sem skaksturinn og hristingurinn á malarveginum var slíkur að ómögulegt var að líta í bók eða blað? – Það syngur!

Á tímabilinu 1930 til 1955 varð til og mótaðist sérstök, þjóðleg sönghefð sem fékk nafnið „rútubílasöngur“. Ég hef leitað árangurslaust að fræðilegri úttekt á þessari sönglist í *Tónlistarsögu Íslands*. Þar er hennar að engu getið og hlýtur að vera yfirsjón þeirra ágætu fræðimanna sem skrifuðu þetta merka verk. En ég man rútubílasönginn vel úr æsku. Hann var ýmist einraddaður eða tvíraddaður og þegar best lét þríraddaður. Raddirnar hétu lagið, millirödd og bassi. Allir sem ekki voru laglausir gátu sungið lagið, bæði karlar og konur, þeir sem höfðu gott tóneyra gátu sungið millirödd, mest ungar stúlkur, og loks voru nokkrir karlmenn, reyndar sárafáir, sem réðu við bassann. Það þótti mikill fengur á langri ferð ef bassi var með í rúttunni og sú saga komst á kreik, hvort sem hún var sönn eða ekki, að nokkrir úrvalsbassar fengu ódýrara far en aðrir.

Lögin sem sungin voru í rúttunum voru nær eingöngu hluti þeirrar tónhefðar sem tók við af Vínarklassíkinni og er kennd við rómantik. Textarnir voru yfirleitt um ástir og unað lífsins: ▶



Sestu hérna hjá mér, ástin mín, og horfðu á sólarlagsins roðaglöð, særinn ljómar líkt og gullið vín og léttar bárunnar kveða þýðan óð. Við öldunið og aftan klišú er yndislegt að hvíla þér við hlið. Hve dýrlegt er í örmum þér að una og gleyma sér.



## Hvað veist þú mikið um Dyrhólaey?



Myndin er fengin hjá Þóri Kjartanssyni, ljósmyndara í Vík.

Dyrhólaey er höfði sem gengur út í sjó við suðurströnd landsins og fer vart fram hjá ferðamönnum sem eiga þar leið hjá. Þessi 120 m há móberrgsstapi dregur nafn sitt frá gatkletti sem blasir við þegar komið er að höfðanum frá vestri og austri og lítur út eins og stórar og mikilar dyr í berginu. Gatið er rúmlega 50 m breitt og 20 m hátt en þær tölur eru fengnar frá ofurhugum sem létu verða af því að fljúga í gegnum gatið árið 1995.

Af Dyrhólaey er stórbrotið útsýni yfir Mýrdalsjökul, Eyjafjallajökul, Reynisfjöru og óralanga sandströnd Suðurlands. Svæðið býður upp á einstaka upplifun þar sem má sjá strandsvæði sem dregur útlit sitt frá fyrri menningu, ósnertri náttúru og fuglalífi. Það er auðvelt að gleyma tímanum þegar fylgst er með magnþrungnu briminu skella á skerjum, dröngum og brimklifum og fylgjast með sveimi fugla í fuglabjörgunum. Dyrhólaey var friðlýst árið 1978 af Íslenska ríkinu til að vernda svæðið gegn ágangi manna og halda því í sinni náttúrulegu mynd fyrir okkur og komandi kynslóðir til að njóta. Landvörður er með búsetu á svæðinu allt árið um kring og sér um innviðina, verndun náttúrunnar og fræðslu til gesta.

Dyrhólaeyjarviti er einn fallegasti viti landsins og hann má finna efst uppi á Háey. Mikil og áhugaverð saga umlykur vitann en hann var til að mynda fyrsti steypiti landtökuvitinn sem var

tekinn í notkun á Íslandi. Vitinn er reistur árið 1927 og sjálfur Guðjón Samúelsson, einn dádasti arkitekt Íslendinga sá um frumhönnun vitans. Allt til ársins 2015 var vitavörður sem sá um vitann en vitinn er nú orðinn nútímavæddur og að mestu leyti sjálfvirkur. Vitann er haldið fallegum og í góðu lagi enda er hann enn þá í fullri virkni, hann var lagfærður og málaður að utan í júní 2020 og lítur einstaklega fallega út í dag.

Margir fallegir fuglar eiga heimkynni í Dyrhólaey og þar ber helst að nefna lunda, fýl, kríu, langvíu, skúm, heiðlóu og jaðrakan. Best er að sjá lundann með því að ganga merka stíga út frá bílastæðinu á Lágey. Í brimklifunum rétt við Arnardrang hafa þeir gert sér holur og sjást oft spóka sig fyrir framan heimilin sín. Einnig má sjá þá fljúga um og lenda í fuglabjörgunum af Háey. Fyllinn er annar einkennisfugl Dyrhólaeyjar og svífur oft glæsilega um brimklifin, við dranga og upp við fuglabjörgin, hann er fallegur fugl sem getur náð allt að 60-70 ára aldri. Gott og gaman er að taka kík með í fuglaskoðun á Dyrhólaey til að sjá fuglana í nærmynd. Við minnum gesti okkar að halda sig innan merktra stíga og sýna sérstaka varkárni gagnvart fuglalífínu yfir varptíma fuglanna (maí-september).

Landverðir verða með fræðslugöngur alla laugardaga í sumar kl. 13 og vonast er til að sem flestir sláist með í för.



## Heilsuefning fyrir eldri aldurshópa í Rangárþingi ytra sumarið 2020

Sveitarfélagið Rangárþing ytra varð á dögumum Saðili að Heilsuefandi samfélagi. Af því tilefni hefur verið ákveðið að bjóða eldri einstaklingum sveitarfélagsins upp á heilsuefningu í formi hreyfingar. Lögð verður áhersla á þol- og styrktarþjálfun samhliða liðkandi æfingum þar sem farið er eftir helstu ráðleggingum Lýðheilsustöðvar og alþjóðlegra heilbrigðissamtaka um hreyfingu sem mæla með 30 mínútna hreyfingu alla daga vikunnar þar sem styrktarþjálfun er stunduð að minnsta kosti tvisvar í viku. Markmið verkefnisins er að bæta afkastagetu þátttakenda, auka þol, styrk og

efla hreyfifærni með markvissri þjálfun og stuðla þannig að bættum lífsgæðum eldri aldurshópa í sveitarfélaginu. Þátttaka er án endurgjalds og gefur eldri einstaklingum kost á að koma saman og eiga góðar stundir. Þjálfun fer fram í íþróttamiðstöðinni á Hellu ásamt heilsuþóttargöngum utandyra. Umsjón með þjálfun og framkvæmd hefur Aníta Þorgerður Tryggvadóttir, íþrótt- og heilsufræðingur. Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í verkefninu geta skráð sig með því að senda tölvupóst á netfangið anitattyggva@gmail.com eða haft samband í síma 865-7652.



KIRKJUBÆJARSTOFA

Kirkjubæjarstofa óskar eftir tilboðum í:

Kirkjubæjarskóli breytingar 2020  
Þekkingarsetur

Verkið felst í innanhússbreytingum á 2. hæð heimavistarálmu Kirkjubæjarskóla. Verkið felst í að rífa niður vegg, setja upp nýja milliveggi, setja upp nýjar innréttingar, endurnýja gólfefni, mála, endurnýja raflagnir, endurnýja pípulagnir, setja upp nýtt loftræstikerfi o.fl.

Verklok eru 15. desember 2020

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með mánudeginum 20. júlí 2020. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Guðmund Hjaltason á skrifstofu Eflu á Suðurlandi í síma 412 6900, eða með tölvupósti í netfangið gudmundur.hjaltason@efla.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti. Tilboðum skal skila á skrifstofu Eflu að Austurvegi 1-5 á Selfossi fyrir kl. 11.00 miðvikudaginn 5. ágúst 2020 og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Kirkjubæjarstofa

## Nýr svæðisstjóri Eflu á Suðurlandi

Ólafur Daníelsson, byggingarverkfræðingur M.Sc., hefur verið ráðinn svæðisstjóri EFLU á Suðurlandi. „Það eru spennandi tímar framundan og hér á Suðurlandi eru víða fjölmörg tækifæri og þróunarmöguleikar til að efla samfélög. Ég mun leggja mikla áherslu á að veita persónulega, áreiðanlega og góða þjónustu í takt við þarfir og kröfur viðskiptavina okkar.“ segir Ólafur Daníelsson í samtali við Dagskrána.

### Öflug þjónusta í heimabyggð

EFLA starfrækir starfsstöðvar á Suður-, Norður-, Austur- og Vesturlandi og í Reykjanesbæ og leggur ríka áherslu á að veita heildstæða þjónustu í heimabyggð. Á starfsstöð EFLU á Suðurlandi starfa 25 starfsmenn á tveimur skrifstofum, annars



Ólafur Daníelsson, byggingarverkfræðingur M.Sc. er nýr svæðisstjóri Eflu á Suðurlandi.

vegar á Austurvegi 1-5 á Selfossi og hins vegar á Suðurlandsvegi 1 á Hellu.



# Íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

## Unglingalandsmóti UMFÍ á Selfossi frestað um eitt ár

**LANDSMÓT** Unglingalandsmóti UMFÍ sem fara átti fram á Selfossi um Verslunarmannahelgina hefur verið frestað um ár. Framkvæmdanefnd Unglingalandsmóts UMFÍ hefur ákveðið í samræmi við sóttvarnalækni og Almannaþinginn að fresta móttíðni um ár. „Fjöldi fólks hefur lagt mikið á sig og hlakkað til Unglingalandsmóts UMFÍ á Selfossi. En við verðum að sýna ábyrgð og tryggja heilsu og öryggi allra þátttakenda og gesta mótsins. Þess vegna höfum við ákveðið að fresta móttíðni um ár,“ segir Ómar Bragi Stefánsson, landsfulltrúi og framkvæmdastjóri móta UMFÍ.

### Harma niðurstöðuna en hún sé vel ígrunduð

Undirbúningur mótsins hefur staðið yfir um langt skeið. Dagsskráin var fullklárud og átti að bjóða upp á um 20 keppnisgreinar alla verslunarmannahelgina og tónleika á kvöldin ásamt fjölda annarra viðburða og afþreyingar. Skráning hefur jafnframt verið í fullum gangi síðan um mánaðamót og fjöldi þegar búinn að skrá sig. Nú er unnið að því að endurgreiða þeim sem þegar höfðu greitt þátttökugjald. Ómar segir mótshaldara harma þessa niðurstöðu. En ákvörðunin sé vel ígrunduð og með al-

mannahagsmuni í huga. „Unglingalandsmót UMFÍ er flókinn viðburður þar sem þátttakendur skrá sig í margar ólíkar greinar og fara á milli svæða. Það eykur á flækjustigið og hættunni á að hópsmit komi upp,“ segir hann.

### Unnið vel með sóttvarnalækni og almannaþingnum

Ómar bendir jafnframt á að skipuleggjendur mótsins hafi unnið vel með sóttvarnalækni og Almannaþingnum að undirbúningi Unglingalandsmóts UMFÍ. Unnið hafi verið að því að fara eftir tilmælum um sóttvarnir. Fyrr í sumar voru væntingar um að hámarksfjöldi á samkomum yrði tvö þúsund manns. Við þær aðstæður sá nefndin fram

á að mótshaldið gæti farið fram og uppfyllt öll skilyrði á sama tíma. En þar sem aðstæður hafi breyst og útlit fyrir að takmarkanir verði áfram mun reynast mjög erfitt að uppfylla öll skilyrði sem til staðar eru ásamt því að tryggja að það skipulag sem sett var upp haldi. „Við viljum ekki taka þá áhættu sem er fólgin í því að halda áfram. Í þessu máli skiptir heildin mestu máli. Við hvetjum fjölskyldur eftir sem áður til að skemmta sér saman á heilbrigðum forsendum og búa til góðar minningar um verslunarmannahelgina 2020. Síðan sjáumst við saman á Unglingalandsmóti UMFÍ á Selfossi 2021,“ segir Ómar Bragi að lokum.



## Selfyssingar áfram í bikarnum

**KNATTSPYRNA** Selfoss lagði Stjórnuna að velli í Mjólurkubikarnum í seinustu viku. Hólmfríður Magnúsdóttir skoraði tvö mörk og Dagný Brynjarsdóttir

bætti því þriðja við í öruggum sigri. Búið er að draga í fjórðungsúrslitum og taka stelpurnar okkar á móti Íslandsmeisturum Vals 11. ágúst.



Hólmfríður var á skotskónum í Garðabænum. Ljósmynd: Fótbolti.net/Anna Þonn

## Fjögur góð stig í toppbaráttuna

**KNATTSPYRNA** Selfoss lék tvo leiki í 2. deildinni í liðinni viku.

Frábær sigur vannst á Haukum í Hafnarfirði í fyrri leiknum. Strákarnir komu til baka eftir að hafa lent marki og manni undir. Það voru Ingvi Rafn Óskarsson og Hrvoje Tokic sem skoruð mörkin í 1-2 sigri.

Seinni leikurinn gegn Fjarðabyggð endaði með markalausum jafntefli á heimavelli.

Að loknum fimm umferðum er Selfoss með 10 stig í öðru sæti deildarinnar. Næsti leikur er gegn Þrótti í Vogum á föstudaginn kl. 19:15.



## Selfyssingar á Síamóti

**KNATTSPYRNA** Selfyssingar sendu fjölda liða til leiks á Síamóttinu sem fram fór í Kópavogi um helgina. Stelpurnar í Selfoss 4 í 5. flokki skemmtu sér vel á móttíðni og koma heim reynslunni ríkari. Fleiri myndir frá Selfyssingum á móttíðni birtast í næstu Dagskrá. Ljósmynd frá foreldrum Umf. Selfoss

## Elín Krista áfram hjá Selfoss

**HANDBOLTI** Elín Krista Sigurðardóttir hefur framlengt samning sinn við handknattleiksdeild Selfoss til tveggja ára. Elín, sem er örvhent skytta, er aðeins 19 ára gömul og mjög efnileg. Hún var lykilleikmaður í liði meistaraflokks kvenna á síðasta keppnistímabili en liðið var aðeins hársbreidd frá því að komast upp úr Grill 66 deildinni.

Handknattleiksdeildin fagnar þessum tíðindum, en það verður spennandi að fylgjast með meistaraflokki kvenna í vetur.



Elín Krista verður áfram í sumarblíðunni á Selfossi. Ljósmynd: Umf. Selfoss/ÁPG

## Litháískur landsliðsmarkmaður til Selfoss

**HANDBOLTI** Litháíski landsliðsmarkmaðurinn Vilius Rašimas hefur gert tveggja ára samning við handknattleiksdeild Selfoss. Rašimas er þrítugur og reynslumikill markmaður sem hefur verið í landsliði Litháen síðan 2010. Hann kemur til Selfoss frá þýska liðinu EHV Aue, en hann hefur meðal annars leikið með Kaunas í heimalandi sínu og pólsku vinum okkar í Azoty Pulawy.

Handknattleiksdeild Selfoss býður Vilius Rašimas hjartanlega velkominn til okkar og verður gaman að sjá þennan reynda markmann spreyta sig

með liðinu í Olísdeildinni á komandi keppnistímabili en það er ljóst að hann mun verða liðinu góð styrking.



Rašimas hefur verið í landsliði Litháen síðan 2010. Ljósmynd: Umf. Selfoss



# Efnilegir krakkar í fjálsípróttasumarbúðum á Selfossi

**FRJÁLSAR** Frjálsípróttasumarbúðir FRÍ voru haldnar á Selfossi dagana 21. - 25. júní. Rúmlega 50 börn á aldrinum 11 - 14 ára komu í skólann. Sumarbúðirnar heppnuðust mjög vel og fóru krakkarnir ánægðir heim. Börnin komu víða að í ár eða af öllu Suðurlandi, Hafnarfirði, Reykjavík, Kópavogi, Mosfellsbæ, Patreksfirði, Borgarnesi, Garðabæ, Búðardal og Blönduósi.

Markmið sumarbúðanna er að kynna og breiða út frjálsípróttir á Íslandi. Dagskráin var mjög fjölbreytt þar sem til að mynda voru kvöldvökur, leikir, sundferðir og fleira í bland við æfingar. Sölvi Tryggvason svaraði spurningum og fræddi börnin um heilsu. Einnig deildi Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir reynslu sinni þegar hún varð Ólympíumeistari ungmenna í 200 m hlaupi árið 2018. Guðbjörg þjálfaði einnig spretthlaup á einni æfingunni í skólanum. Guðni Valur Guðnason kringlukastari, einn fremsti íþróttamaður sem við eigum í dag í frjáls- um var einnig að þjálfra sem og Íslandsmethafinn í þristökki Sigríður Anna Guðjónsdóttir, ásamt fleirum góðum þjálfurum.

Sumarbúðirnar fóru fram við frábærar aðstæður þar sem stutt var í alla aðstöðu, til að mynda gistiaðstöðuna í Vallaskóla, frjálsípróttavöllinn, íþróttahúsin og sundlaugina. Við viljum þakka Sveitarfélaginu Árborg og Umf. Selfoss fyrir veitta velvild í garð búðanna.

Sumarbúðirnar gegna mikilvægu hlutverki í að opna augu ungmenna fyrir ágæti íþróttaiðkunar og styðja fjölmargar rannsóknir þá fullyrðingu að ungmenni sem stunda íþróttir leiðast síður út í óreglu síðar á lífsleiðinni. Síðast en ekki síst öðlast ungmennin tækifæri til að kynnast hvert öðru og mynda tengslanet og auka hæfni sína í mannlegum samskiptum.

Sumarbúðunum lauk með velheppnuðu frjálsípróttamóti á fimmtudeginum þar sem persónulegir sigrar náðust og margar bætingar litu dagsins ljós. Eftir mótið var haldin grillveisla og fengu krakkarnir viðurkenningarskjöl fyrir þátttöku í skólanum. Krakkarnir kvöddust sátt og sæl eftir skemmtilega viku.

Frjálsípróttabúðirnar vilja þakka öllum þeim fjölda fyrirtækja sem lögðu þeim lið, sá stuðningur er ómetanlegur, en þau voru: MS, Nettó, Sölufélag Garðyrkjubænda, Kjúklingabú-ið Vor, Hafnarnes Ver, Sláturfélag Suðurlands, Almar bakari, GK bakarí, Myllan, Kjörís, Tiger og Kökugerð HP.

Takk fyrir okkur. Ágústa og Fjóla Signý, yfirumsjónarmenn Frjálsípróttasumarbúðanna á HSK-svæðinu.

Takk fyrir okkur.

Ágústa og Fjóla Signý, yfirumsjónarmenn Frjálsípróttasumarbúðanna á HSK-svæðinu.



100 ára afmæli

Hjónin í Fagradal ætla að halda veglegt garðpartý föstudaginn 17. júlí kl. 19 í tilefni 100 ára afmælis þeirra.

Allir velkomnir, Valdi og Lára

## Orteka

FYRIR GARDINN, STÉTTINA, HEIMKEYRSLUNA...



Gegnheilar danskar steinhellur, endingagóðar og á viðráðanlegu verði. Hafðu samband og við gerum þér tilboð. [www.orteka.is](http://www.orteka.is)

e: [orteka@orteka.is](mailto:orteka@orteka.is) | s: 8602944 / 8663046 | Hafnargata 28, 710 Seyðisfjörður

OPNUNARTILBOÐ



## FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG  
ÁRNESSÝSLU

Símatími alla virka daga  
frá kl. 13:00 til kl. 16:00  
sími 788 0300.

## Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum  
kl. 20:00, nýliðafundur  
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

## Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur  
í einu. Laugardagsmorgnum  
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

## AA

Mán. kl. 21 - AA fundur  
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur  
Þrið. kl. 19 - AA konufundur  
Mið. kl. 19:30 - AA fundur  
Fim. kl. 20 - AA karlafundur  
Fös. kl. 20:30 - AA fundur  
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur  
Sun. kl. 11 - AA fundur  
Sun. kl. 21 - AA fundur  
AA Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla  
Bókasafn

Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 10:30-11:30 Sunnudag.

AA opin fundur f. alla  
Kirkjan kjallari

Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 20:00 Fimmtudag.

## CoDA

Bataleið frá meðvirkni  
Fundir alla laugardaga  
kl. 10:30.

Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á coda.is.

## Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu  
Hveragerði, efri hæð,  
fimmtudaga kl. 20:30.

## BÍLAR

## KIETTUR

Bifreiðaverkstæði  
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskodanir Heklu-bifreiða og  
almennar bílavíðgerðir.  
Hjólástillingar



Dekkja- og smurþjónusta  
Sími 482 4069



Gagnheiði 11  
800 Selfossi  
Sími 482 2200  
GSM 894 2277  
Fax 482 2777

Yfirbyggingar – Réttingar  
Bílamálun – Rúðuskripti

DAGSKRÁIN  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Þarft þú að koma vöru eða  
þjónustu á framfæri? Vantar  
þig atvinnu?

Smáauglýsingadálkur  
Dagskrárinnar er hagkvæmur  
auglýsingakostur. Hvort sem  
er til lengri eða skemri tíma.

Hafðu samband núna!

Sími 482 1944  
selfoss@prentmetoddi.is

## ÞJÓNUSTA



S: 662-1122

Daglegar ferðir  
SELFOSS - REYKJAVÍK  
SUÐURLAND

## ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði  
Gagnheiði 51, Selfossi  
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is



Bókhald • Framtöl • Skattskil  
Launavinnsur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss  
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

## Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss  
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf  
skattskil

Þjónusta við  
einstaklinga og  
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

## Gröfupjónusta



Tökum að  
okkur alla  
almenna gröfu  
þjónustu.

Gröfum fyrir  
palli/skjólvegg, húsagrunnum  
o.fl. Við getum komið með  
efni, fjarlæggt efni, tyrt ásamt  
því að taka að okkur palla-  
smíði. Endilega sendu okkur  
línu til að fá tilboð.

Byggðarhorn801@gmail.com  
s: 772 7113 eða 775 1581  
Kristján og Lilja.

## ÓSKA EFTIR

ERTU SPÆNSKUMÆLANDI?  
Óska eftir að spænskumælandi  
aðili hringi í mig. Ekki er þörf  
fyrir menntaðan túlk. Aðeins  
spænskumælandi einstakling  
sem talar spænsku nokkurn  
vegin skammlaust. Uppl. síma  
483 3568.

## TAPAD/FUNDIÐ

HEYRNARTÆKI  
Heyrnartæki fannst föstudaginn  
3./7. sl. fyrir utan pósthúsið á  
Selfossi. Hægt er að vitja  
tækisins hjá Prentmeti Odda,  
Eyravegi 25.

## KIRKJUR

## Selfoskirkja

Ekki verður messað í  
Selfoskirkju. Bent er á hátíðar-  
messu í Skálholtskirkju nk.  
sunnudag kl 14.

## Skálholtsdómkirkja

Hátíðarmessa kl.14 á  
Skálholtshátíð. Skálholtskórinn,  
Jón Bjarnason organisti, sr.  
Kristján Björnsson predikar og  
þjónar fyrir altari ásamt hópi  
presta og leikmanna.  
Kirkjukaffi í skólanum .

## Aðventistar

Safnaðarheimili aðventista,  
Eyravegi 67 Selfossi, 18. júlí.  
Biblurannsókn kl. 11 og guðs-  
þjónusta kl. 12, með ræðu  
verður Harri Guðmundsson.  
Verið velkomin.

## Hvítasunnukirkjan Selfossi

Sunnudaga kl.11:00 Samkoma,  
barnastarf og kaffiveitingar.  
English translation available.  
Allir innilega velkomnir.  
www.selfossgospel.is

Björgunarsveitin Kyndill á  
Kirkjubæjarklaustri fær öflugan bíl

Aldursmunurinn á þessum tveimur eru þrjátíu ár eða svo.

Ítilkynningu sem Björgunarsveitin Kyndill setti á Facebooksíðu sína kemur fram að nýr bíll hafi verið tekinn í notkun hjá sveitinni. Þá kemur fram að Björgunarsveitin vilji koma á framfæri þökkum til allra

þeirra sem veittu sveitinni lið með styrkjum og hlýhug. Það er næsta víst að svo öflugur bíll eigi eftir að nýtast svæðinu vel í þeim verkefnum sem framtíðin ber í skauti sér. -gpp

## Nokkur orð um Egil Gr. Thorarensen

Selfoss er ungur bær, ungt samfélag, í öllum skilningi. Byggð fór ekki að rísa við Ölfusá fyrr en upp úr aldamótunum 1900 þegar fyrsta brúin var byggð en það er þó ekki fyrr en 1946 sem Selfoss verður sérstakur hreppur, Selfosshreppur. Staðsetningin við brúna yfir Ölfusá, sem lengst af var töluverður faratálmi á leið fólks á Suðurlandi, gerði það að verkum að Selfoss varð fljótlega miðpunktur viðskipta og samgangna um Suðurland og byggð tók að rísa við brúarsporðinn. Hafði þar ekki síst áhrif að kringum 1930 voru stofnuð tvö stór fyrirtæki sem urðu burðarásar atvinnulífs á svæðinu og starfsmenn fóru að byggja fjölskyldum sínum heimili kringum þessi fyrirtæki. Annað þessara fyrirtækja var Kaupfélag Árnesinga sem varð á skömmum tíma eitt öflugasta fyrirtæki landsins. Kaupfélagið rak, auk verslunarinnar, bifreiðaverkstæði, trésmíðaverkstæði, innréttingasmíði, brauðgerð og kjötvinnslu, bensinstöðvar, hótél og fleira sem of langt mál yrði upp að telja hér. Þó má bæta við til fróðleiks að það var Kaupfélagið sem stóð fyrir og rak fyrstu hitaveituna á Selfossi 1944.

Einn helsti hvatamaður að stofnun kaupfélagsins var Egill Gr. Thorarensen, kaupmaður í Sigtúnum. Hann var vissulega ekki einn um stofnun félagsins, þar lögðu margir merkir einstaklingar hönd á plóg, en hann var strax mjög framsýnn og áhugasamur um þróun atvinnulífs á svæðinu. Hann varð við stofnun Kaupfélags Árnesinga, fyrsti kaupfélagsstjórninn og rak félagið næstu 30 ár af því líkum dugnaði og myndarskap að stundum hefur verið talað um Egilsmabilið eða eins og segir í bókinni Sögu



Selfoss „mesti uppgangstími sem nokkru sinni hefur gengið yfir sveitir Suðurlands“. Það er ekki of djúpt í árina tekið þó sagt sé að Egill hafi verið stórhuga og metnaðarfullur fyrir hönd litla bæjarfélagsins sem var að byggjast upp á bökkum Ölfusár og áhrifa hans gætti um allar sveitir Suðurlands. Meðal annars má nefna að hann var mikill hvatamaður að því að Kaupfélagið hóf afskipti af útgerð og hafnarbótum í Þorlákshöfn og Eyrarbakka.

Annars yrði of langt mál að telja upp allt það sem hann afrekadði á sinni athafnasömu ævi en ljóst er að honum er ekki síst að þakka sá framgangur sem byggðin á Selfossi hefur notið síðan í upphafi síðustu aldar. Það ber okkur sem hér búum að þakka. Það erum við sem njótum ávaxta framsýni hans og dugnaðar.

Fyrir um átján árum kom fram sú hugmynd að reisa Agli stytta sem komið skyldi upp á áberandi stað á Selfossi og höfðu ýmsir aðilar, til dæmis þáverandi bæjarstjórn og stjórn Mjólkurbús Flóamanna, lýst vilja sínum til að veita fjárhagsstuðning til verksins. Ekki varð af því að hugmyndin yrði að veruleika í það skiptið. Á síðasta ári hittust nokkrir áhugamenn um málið og kom saman um að leggja til að

gerð yrði stytta af Agli í fullri líkamstærð og yrði byggð á þekktir ljósmynd sem til er af honum og þykir sýna vel kraftinn og dugnaðinn sem einkenndi hann. Fyrir nokkru bást síðan fréttir um að þeir athafnamenn sem standa að byggingu nýja miðbæjarins hefðu hug á að reisa stytta af Agli. Því ber að fagna. Það væri hinsvegar ekki óeðlilegt að bæjarfyrirvöld kæmu með myndarlegum hætti að þessu verkefni með öflugum fjárstuðningi og fengi um leið að hafa áhrif á staðsetninguna.

Sigurjón Erlingsson bar upp tillögu á fundi Samfylkingarfólks þ. 5. júní sl að fela bæjarfulltrúum flokksins að taka málið upp að nýju á vettvangi bæjarstjórnar og tryggja aðild sveitarfélagsins að verkefninu með myndarlegum hætti. Fundurinn samþykkti þessa tillögu samhljóða.

Það hefur tíðkast um aldir að samfélög og þjóðir hafa þakkað og haldið á lofti minningu sinna bestu sona og dætra og það er vel við hæfi að Selfyssingar og nærsveitamenn minnst Egils Gr. Thorarensen með myndarlegum hætti. Stytta af Agli í nýja miðbænum væri verdugt minnismerki um merkilegan mann.

Hjalti Tómasson.



# Sagnfræðimoli um Þjórsárhraun

Þegar jökull hvarf á braut og land reis fyrir um það bil 8000 árum þá urðu miklar sviptingar í jarðskorpunni. Land reis upp við veiðivötn, með tilheyrandi eldsambrotum og eitt mesta hraunrennsli á jarðsögulegri öld kom fram. Gosið setti svo sannarlega sinn svip á landslagið, breytt rennsli áa og sem síðar meir hefur mótað lífnaðarhætti í sveitarfélaginu.

Með auknum áhuga á jarðvísindum með mönnum eins og Jónasi Hallgrímssyni og Brynjúlfu Jónssyni komu strax fram tilgátur og ritaðar voru hugleiðingar um tildrög hraunsins. Var Jónas staðráðinn að Þjórsárhraunið hafi runnið úr Heklu, en Brynjúlfur nefndi að Hekla væri möguleiki en líklega ætti það upptök sín einhverstaðar af Landmannaafreitti. Þorvaldur Thoroddsen einn af okkar fyrstu og þekktustu jarðfræðingum fyrri tíma kom með þá tilgátu að hraunið ætti örugglega upptök sín að rekja til Veiðivatnasvæðisins. Á síðari árum þá hafa nokkrir vísindamenn gefið okkur góða innsýn yfir það sem talið er að hafi gerst. Þar á meðal er vísindamaðurinn Árni Hjaltason og munum við styðjast við rannsóknir hans.

Nákvæm staðsetning gíganna er óþekkt þar sem yngri gos hafa hulið alla gíga úr fyrri gosi og

eru þeir undir miklu hrauni. Gosið mun hafa verið sprungugos, þar sem lengja gíga myndast og spúa út úr sér óhemjulegu magni af kviku, sem runnið hefur niður gömlu Tungnárbakkana á milli Vaðöldu og Búrfells. Partur í hrauninu rann þá niður í Landsveit og eru þar fyrstu ummerki hraunsins ofanjarðar. Meginstraumurinn fór að Skeiðum og rann hraunið að þeim stað þar sem Þjórsá og Hvítá runnu saman á jökuleyrum sem huldu mikinn hluta Suðurlands. Hraunið aðskildi árnar og setti þær í þann jarðveg sem þær hafa nokkurn vegin vilt síðan. Þegar hraunið var komið niður í Flóann breiddi það mikið úr sér og þakti landið allt út til sjávar. Þar fór aðeins að hægja af hrauninu en það gekk 1 km utar en núverandi strönd liggur. Skerjagarðurinn utan strandlengjunnar og hraunfjaran sem nær samfelld frá Baugstaðaósi vestur að Eyrarbakka eru þ.a.l. syðstu mörk hraunsins. Fjaran við Stokkseyri er ein af náttúruperlum Íslands og er á lista B-hluta náttúruminjaskrár, en forsendur fyrir vali er að þar má finna sjaldgæfar vistgerðir með mjög hátt verndargildi og fjölskrúðugt fuglalíf.

Samkvæmt hinni miklu eldfjallaskrá „Volcanoes of the Worlds“ kemst ekkert hraun

frá jarðsögulegum nútíma með tærnar sem Þjórsárhraunið mikla er með hælana. Eldvirkni gossins virðist hafa verið ofsafengin, þar sem hraunrennsli virðist hafa orðið til á tiltölulega skömmum tíma og það hraunmagn sem streymt hefur úr iðrum jarðar hefur vafalítið numið hundruðum og jafnvel þúsundum rúmmetra á sekúndu þegar mest gekk á. Ef reiknað er með að gosið hafi tekið um það bil eitt ár og rúmmál gossins sé um 30km<sup>3</sup> hefur meðalhraunframleiðsla verið 666 m<sup>3</sup> á sekúndu.

Hraunið er eitt það algeng-

asta basaltafbrigði á Íslandi og er með hvítum hvítuleitum dflum en einnig ljósgrænum á stöku stað. Það byggist að mestu úr feldspartskristöllum sem hafa myndast í bergkvikunni áður en hún kom upp úr iðrum jarðar. Dflamagnið er víðast 4-5% af rúmmáli hraunsins og gefur fram skemmtilegt og litríkt hraun. Áhugavert er að spá um hvernig það hefur haft áhrif á fólk af svæðinu, enda er fyrsti bær Hallsteins sem nam land í Stokkseyri kallaður Stjórusteinar og má vænta að það sé vegna feldspaltsdflanna.

Hægt er að vitja Þjórsárhraunsins mikla á mörgum stöðum í Árborg, en þó er það einna augljósast á ströndinni á milli Eyrarbakka og Stokkseyrar, en aðrir góðir staðir eru við bakka Ölfusár á Selfossi og í Kerinu í Rauðholtum.

Það má segja að Þjórsárhraunið mikla hafi haft mikil áhrif á líf og sögu fólks sem á því bjó og þásem á því býr.

*Pórólfur Sigurðsson, sagnfræðinemi tók saman.*



## Sumarhátíð á Hótel Selfoss



Dagana 16.-18. júlí verður glæsileg dagskrá í húskynnum Hótel Selfoss. Byrjað verður á fimmtudegi 16. júlí klukkan 20:30 þegar hinn ótrúlegi Eyþór Ingi kemur með allar sínar bestu hliðar. Óborganleg skemmtun þar sem Eyþór gefur sjálfum sér lausan tauminn; söngvarinn, eftirherman, grínistinn, hljóðfæraleikarinn og svo miklu meira.

### Föstudagurinn 17. júlí

Guðlaug Dröfn Ólafsdóttir stórsöngkona kemur fram og verður með ljúfa stemmingu á pallinum við Hótel Selfoss klukkan 16. Með henni leika Vignir Þór Stefánsson og Sigurgeir Skafti Flosason.

Um kvöldið verða glæsilegir tónleikar sem bera yfirskriftina „Sumarsöngvar Selfyssinga“. Þar koma fram glæsilegir söngvarar og frábær hljómsveit frá Selfossi. Söngvaramir eru: Gunnar Ólason, Unnur Birna, Pétur Örn, Magnús Kjartan, Guðlaug Ólafsdóttir, Karitas

Harpa, Dagný Halla, Guðmundur Benediktsson, Einar Bárðarson, Elvar Gunnarsson, Íris Arna Gunnarsdóttir, Hermann Ólafsson, Gunnlaugur Bjarnason, Ólafur Bachmann og Ólafur Tryggvi Pálsson.

### Laugardagurinn 18. júlí

Unnur Birna fiðlu og söng snillingur kemur fram á pallinum við Hótel Selfoss þann 18. júlí klukkan 15:00. Þar verður farið í alla helstu stíla, sungið og leikið af fingrum fram. Með henni leika Vignir Þór Stefánsson og Sigurgeir Skafti Flosason.



Guðlaug Dröfn Ólafsdóttir stórsöngkona kemur meðal annarra fram.

## Naflahlaupið fagnar 10 ára hlaupaafmæli í ár



Naflahlaupið í Rangárþingi Neystra fer fram laugardaginn 29. ágúst sömu helgi og Kjötisúpuhátiðin á Hvolsvelli verður haldin. Naflahlaupið var fyrst haldið sumarið 2010. Nafnið er vísun til þess að um nafla alheimsins sé að ræða en það ár beindust allra augu að þessu svæði vegna eldgossins í Eyjafjallajökli. Naflahlaupið var viðleitni einstaklinga til að sýna fram á að þrátt fyrir allt væri öllu óhætt á þessu svæði, í Nafl-

anum væri hreint og tært loft og góðar aðstæður til útivistar. Allur ágóði hlaupsins hefur runnið óskiptur til marga góða málefna.

- 2010 rann ágóðinn til Leikskólans Arkar.
- 2011 rann ágóðinn í starfsemi sjúkraflutinga á Hvolsvelli.
- 2012 rann ágóðinn til unglíngadeildar Dagrenningar.
- 2013 rann ágóðinn til Grunnskólans á Hvolsvelli.
- 2014 rann ágóðinn til Kirkjuhvols á Hvolsvelli.

- 2015 rann ágóðinn til Lundar á Hellu.
- 2016 rann ágóðinn til unglíngadeildar flugbjörgunar-sveitar Hellu.
- 2017 rann ágóðinn til heilsugæslustöðvar Hvolsvelli til tækjakaupa.
- 2018 rann ágóði til fjölskyldu Kristínar Halldórsdóttur
- 2019 rann ágóði og skráningargjöld Naflahlaupsins til fjölskyldu Ólafar Bjarnadóttur.



## Geysilega vel heppnuð flughátíð á Helli



Flughátíðin *Allt sem flýgur* 2020 var haldin helgina 10. - 12. júlí sl. á Helli. Hátíðin er hápunktur flugsumarsins hjá mörgum. Þar kemst fólk í einstaka nálægð við flugið en flugvélar eru að koma og fara alla

helgina. Þá má sjá fjölbreytt flugatriði í lofti, fallhlifarstökk, karamellurigningu fyrir börnin og ýmsa aðra afþreyingu. Hér eru nokkrar svipmyndir frá deginum. Myndirnar tók Tryggvi Rúnarsson. -gpp

### Stálsmiði



- Stálinnréttingar
- Stálfestingar
- Ákeyssluvarnir
- Sérsmíði

### Andraco ehf

Lynghæð, Urriðafossvogi, 803 Selfossi.  
Andri64@simnet.is | Sími 868 5876

### VANTAR ÞIG IÐNAÐARMENN



TRÉSMÍÐAR • PÍPULAGNIR  
RAFVIRKJUN • MÚRVERK  
MÁLUN • SÓLPALLAR  
HELLULAGNIR • VÉLALEIGA

Sími 561 8080 • fverk@fverk.is

### Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala  
482 2311 ☎ 696 2311  
Skrifstofa Þjónustusími

25 ára



### FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI  
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA  
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

### expert kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum  
Ísskápa viðgerðir - Almennar raflagnir



### HREINGERNINGA-ÞJÓNUSTA Suðurlands ehf.

#### Allar ræstingar

Steinteppabreinsun, teppabreinsun,  
bón, gluggabreinsun o.fl.

Sími 897 8444

*Freint um allt Suðurland*

### Tækniþjónusta Suðurlands ehf. Selfossi

Sjónvarpskerfi fyrir hótél og gistihús

Öryggiskerfi

Eftirlitsmyndavélakerfi

Hljóðkerfi

Símkerfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla

**Gunnar Guðmundsson**  
sími 694 4922

**Vilmundur Sigurðsson**  
sími 779 6777

### Rétting og málun

Vottað réttingaverkstæði  
Cabas tjonaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi

☎ 480 8020

BRACAF VINÁTTU!

Fæst hjá **BYKO** Selfossi

### VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala  
Rennismíði  
Innréttingar  
Járnsmíði

Gagnheiði 5, Selfossi  
Sími 482 1980

### Hjólbarðapjónusta Magnúsar

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151



Hjólbarðar  
Smurþjónusta  
Betri vörur - betra verð

### DFS.is

Auglýsingapantanir

Sími 482 1944  
dfs@dfs.is


### Jiibbií Siggaferðir

- Flutningaþjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.  
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss  
Hella - Hvalsvíllur

Sími 772 6010



Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NYTT

Vinnuvélanámskeið á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

Bílasprautun - Bílaréttingar  
Bílrúðuskipti

### Bilverk BA

- þar sem fagmennirnir vinna  
★★★★ Vottað verkstæði  
Gagnheiði 3 - Selfossi  
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is